



Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK
Iceland

Garðabær, 30.4.2025

Málsnúmer: 202504-0004

LA

Efni: Sjóvörn við Belgsholt, Hvalfjarðarsveit. Tilkynningarskyld framkvæmd.

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun, dagsett 1. apríl 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar vegna tilkynningar til ákvörðunar um matsskyldu um gerð sjóvarnargarðs við Belgsholt í Hvalfjarðarsveit og hvort hún skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdaaðili er Vegagerðin.

Um er að ræða 155 m langa sjóvörn til varnar ágangi sjávar við Belgsholt í Hvalfjarðarsveit, heildarbreidd sjóvarnarinnar er um 12 m, og svæðið sem um ræðir er því um 1.900 m². Áætlað magn af grjóti og sprengdum kjarna til verksins er um 3.000 m³ og áætlaður heildarfjöldi ekinna ferða með grjót og sprengdan kjarna er um 300, ein grafa verður á staðnum ásamt þeim bílum sem aka efni í garðinn. Efni í sjóvarnargarðinn kemur úr opnum námum í nágrenni Belgsholts t.d. við Kirkjuból og Stóru Fellsöxl. Stuttur vegslóði (40-50 m) verður lagður í fjörunni sunnan við garðinn, sem verður fjarlægður í verklok. Gert er ráð fyrir að framkvæmdartími sé um tveir mánuðir og að unnið verður utan varptíma fugla.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð og fylgiskjöl sem fylgdu tilkynningunni og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Framkvæmdasvæðið er innan svæðis á náttúruminjasrá (C-hluta), Melabakkar og Narfastaðaós (nr. 236) og í lýsingu um svæðið stendur: *“Fjölbreyttar og lífauðugar fjörur. Stórfellt sjávarrof. Merkar jarðfræðiminjar frá lokum síðasta jökulskeiðs auk fornskelja. Mikið útivistar- og rannsóknargildi.”*

Svæðið er einnig innan tillögu Náttúrufræðistofnunar frá 2018 um verndarsvæðið Mýrar-Löngufjörur á framkvæmdaráætlun náttúruminjasrá (B-hluta). Svæðið er víðfeðmt og með fjölbreytt náttúrufar, en forsendur fyrir vali eru votlendisvistgerðir, fjöruvistgerðir, alþjóðlegar mikilvægar sjófuglabbyggðir og vatnafuglar þar sem lómur og himbrimi ná alþjóðlegum verndarviðmiðum. Svæðið er einnig mikilvægur viðkomustaður margra fuglategunda s.s. blesgæs, margæs, rauðbrystingur, sanderla og jaðrakan sem ná alþjóðlegum verndarviðmiðum. Þá kæpir landselur og útselur innan svæðisins.

Þá eru bakkarnir í Melasveit undir hverfisvernd í aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar.

Eins og fram hefur komið hefur svæðið mikið verndargildi vegna náttúrufars. Sjávarbakkarnir í Melasveit eru jarðfræðilega merkilegir og fágætir á landsvísu. Þeir eru myndaðir úr jökulurð og sjávarseti, eru allt að 30 m háir og ná yfir um 5 km af strandlengjunni. Út frá jökulurðum hafa verið greind a.m.k. sex framskið jökuls úr Borgarfirði á síðjökultíma. Syðsta, stærsta og elsta jökulurðin er við Ás og endurspeglar hún hámarks útbreiðslu jökulsins og tengist jökulgarðinum í Skorholtsmelum. Setlögin í



bökkunum verða yngri eftir því sem norðar dregur. Yngsta jökulurðin kemur fram við Belgsholt og er talin marka síðasta framskrið jökulsins úr Borgarfirði, yngra en 11.300 ára. Myndunarsaga Melabakka og Ásbakka er flókin, en setlögin gefa mikilvægar upplýsingar um hörfun og framskrið jökuls úr Borgarfirði á síðjökultíma, sjávarstöðubreytingar, landris og umhverfisástand sjávar meðan á setmyndun stóð. Aldursgreiningar á fornskeljum úr sjávarbökkunum tímasetja jöklunarsögu Borgarfjarðar á síðjökultíma. Þessi samfellda heild setmyndana, sem nær frá Belgsholti að Ási, hefur mjög hátt vísinda- og fræðslugildi og fjöldi vísindagreina hafa verið ritaðar um þessar myndanir. Sjávarbakkarnir eru metnir með mjög hátt verndargildi jarðminja og mikilvægur staður fyrir jöklunarsögu Vesturlands í lok síðasta jökulskeiðs.

Náttúrufræðistofnun telur að gera þurfi betur grein fyrir brimsemi, ágangi sjávar í ofsaveðrum og hvar í bökkunum við Belgsholt er mest hætt á sjávarrofi. Þá þarf að kanna hvort að fyrirhuguð sjóvörn gæti orsakað aukið rof á öðrum stað t.d. utan við sjóvarnargarðinn. Stofnunin telur jákvætt að á milli fyrirhugaðs sjóvarnargarðs og sjávarbakka er um 5-10 m fjarlægð, en reikna má með að þrátt fyrir varnargarð mun áfram hrynja eitthvað úr bökkunum vegna veðrunar og það hrun mun safnast upp innan við garðinn og torvelda aðgengi að bökkunum. Ekki kemur skýrt fram í greinargerð hversu hár sjóvarnargarðurinn verður en útfrá sniðteikningum má áætla að hann verði rúmlega 3 m á hæð ofan yfirborðs og um 1 m verður niðurgrafinn. Mesta hæð garðsins verður í um 7m hæð ofan sjávarmáls. Útfrá þessu telur Náttúrufræðistofnun þörf á að sýna fram á með myndum hvernig garðurinn mun breyta ásýnd strandlengjunnar og bakkans við Belgsholt.

Í greinargerð er óljóst hvernig aðkomuvegi að bökkunum við Belgsholt verður háttað vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Aðkomuvegur er sýndur á yfirlitsmynd í kafla 4.2 og liggur hann um túnslóða meðfram bökkunum. Í greinargerð er fjalla um 40-50 m langan vegslóða í fjöru en Náttúrufræðistofnun telur að gera þurfi mun betur grein fyrir aðkomuvegi sem heild frá Melasveitarvegi og að framkvæmdasvæðinu. Á loftmynd mælist aðkomuvegur vera um 600 m langur og reikna má með að bæta þurfi og jafnvel breikka túnslóðan vegna fyrirhugaðra þungaflutninga á grjótvörn.

Náttúrufræðistofnun hefur skilning á því að verja þarf mannvirki fyrir ágangi sjávar, en í dag eru um 65 m frá núverandi bakkabrún að vestasta húsi við Belgsholt. Þar á milli eru ræktuð tún sem hægt er að bæta.

Vegna hátt verndargildis náttúruminja innan og í nálægð við framkvæmdasvæðið, ásamt ýmissa óvissuþátta er varðar umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda, telur Náttúrufræðistofnun að framkvæmdin skuli háða mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

jarðfræðingur